



Viðstaddir

11.05.2023

Páll B. Guðmundsson	PBG	SSH
Hildigunnur Hafsteinsdóttir	HH	SSH
Ómar Einarsson	ÓE	ÍTR
Ásthildur Helgadóttir	ÁH	Kópavogur
Guðmundur Sverrisson	GS	Hafnarfjörður
Magnús Árnason	MÁ	Skíðasvæðin
Þorvaldur Daníelsson	ÞD	Form Skíðasvæðanna
Einar K. Stefánsson	EKS	VSÓ Ráðgjöf
Forfallaðir		

15239

Fundarritari

EKS / einar@vso.is

Tílefni

Verkefnahópur um uppbyggingu á Skíðasvæðunum

Fundur fimmtudaginn 11.05.2023 kl. 09:00.

1 Síðasta fundargerð

Síðasta fundargerð samþykkt.

2 Fjárhagsstaða/áætlanir

EKS kynnti yfirlitsskjal reikninga og framvindu sem sundurliðað er á verkefni með sama hætti og í fjárhagsáætlun SSH.

- Samningsbundin greiðsla til Doppelmayr var innt af hendi í janúar
- Engir reikningar hafa enn verið gerðir vegna snjóframleiðslukerfisins
- Reikningar vegna verkefnisstjórnar eru á eða undir áætlun
- Hliðarverkefni
 - Áfallinn kostnaður 2023 vegna aðgangshliða er 6.5 m.kr, eða um 1.1 m.kr undir áætlun. Verkinu er lokið.
 - Áfallinn kostnaður vegna salerna 2023 er 1.4 m.kr , eða um 1.3 m.kr undir áætlun. Ráðast þarf í smávægilegar lagfæringar og kostnaður gæti hækkað um 200-300 þ.kr.
 - Áfallinn kostnaður vegna gönguskíðasvæðis 2023 er um 700 þ.kr. Ekkert var afmarkað til verksins í áætlun.
- ⇒ Alls eru ofangreind þrjú „hliðarverkefni“ 1.7 m.kr undir áætlun hliðarverkefna.

MÁ/ÞD gerðu grein fyrir umræðum samstarfsnefndar um endurskoðun áætlana 2024-2027. Tillögur verða mótaðar áfram og lagðar fyrir SSH síðar í sumar/haust.

3 Lyftur

Almenn ánægja er með lyfturnar og hefur rekstur þeirra gengið vel í vetur.

Doppelmayr var með starfsmenn í síðustu viku apríl í þjónustuheimsókn sem innifalin er í ábyrgð og viðhaldi fyrstu tvö árin. M.a. var bætt úr ábendingum frá úttekt EKS síðasta haust, en einnig fleira:

- Lokafrágangur afísingarkeyrslubúnaðar
 - Styrkingar rennihurða og gafla á toppstöðvum
 - Þök á lyftuvarðarskúrum við toppstöðvar endurbætt og þétt
 - Uppherslur á festingum/boltum í stöðvum og staurum
 - Yfirfarnar stillingar á drifbúnaði
 - O.fl.
- ⇒ EKS á von á minnisblaði frá Doppelmayr með nánari lýsingu.

Önnur atriði sem lagfærð verða á vegum ÍAV síðar í vor:

- Lagfæring ljósleiðararörs með Gosa frá í fyrra
- Skipta út bráðabirgða klæðingu á útveggjum Drottningar
- Þétting með hurðum o.fl. á botnstöðvum
- Hreinsun og þrif á öllum stöðvum
- Jöfnun og frágangur á gólfum botnstöðva. Bætt við fínu burðarlagi

4 Salerni á Suðursvæði

Verkinu er lokið en óverulegar lagfæringar eftir.

Reynslan góð og almenn ánægja.

5 Snjóframleiðsla 1. áfangi

EKS hefur haldið fjóra formlega hönnunarfundi með TechnoAlpin, auk fleiri óformlegri samráðsfunda. Von er á starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti um miðjan maí og geta framkvæmdir þá hafist. Hönnun er ekki komin það langt að unnt sé að sækja um byggingarleyfi vegna bygginga yfir búnað.

Að mati EKS þyrfti undirbúningur og hönnun að vera kominn lengra og hefur EKS kallað eftir sundurliðaðri verkáætlun. Áhyggjur eru þó ótímabærar og framkvæmdir eiga auðveldlega að geta klárast í sumar.

6 Næsti fundur

Boðaður síðar þegar tilefni er til.

Einar K. Stefánsson

Dreifing: Fundarmenn